

# Miðlunarstefna Byggðasafns Reykjanesbæjar 2004-2008

## I skilgreiningar

Miðlun er kjarni safnastarfs. Í safnastarfi er varðveitt, skráð og rannsakað til að geta miðlað. Stefnan er mörkuð og verklagsreglur samdar þannig að ákvarðanir leiði til fjölbreyttrar og áhugavekjandi miðlunar. Þó er mikilvægt að hafa í huga að ekki er heimilt að stofna varðveislu skráðra safngripa í hættu.

Inntak miðlunar safnsins felur í sér að auka aðgengi og áhuga almennings að menningu og sögu þess landsvæðis sem bæjarfélagið Reykjanesbær nær yfir.

Með miðlun er átt við hvers konar starf er miðar að því að kynna og vekja áhuga á safnkostinum, menningu og sögu bæjarfélagsins.

Miðlun safnsins markast af fjármunum, færni starfsfólks, safnkostinum, sögu bæjarfélagsins, miðlunar-, söfnunar- og rannsóknarstefnu safnsins.

## II Helstu markmið

Á tímabilinu verður lögð áhersla á nýtt húsnæði fyrir safnið þar sem hýstar verði grunnsýningar safnsins og aðstaða verði fyrir almenning til að kanna safnkostinn, þ.e. þjónusturými.

### a) kynningarstarf og útgáfa

- 17.11.04 opnuð vefsíða safnsins
- Haust 2004 gefin út almenn stefnumótun fyrir safnið, prent- og vefútgáfa
- Haust 2005 gefið út rit um menningarlandslag Reykjanesbæjar, prent- og vefútgáfa
- Haust 2006 gefin út skýrsla um fornleifaskráningu í bæjarlandinu, prent- og vefútgáfa

### b) sýningastefna

- 11. júní 2004 opnun sýningar í tilefni 25 ára opunarafmælis safnsins, kynning á starfseminni.
- Júní 2005 opnun sýningar í tengslum við Poppminjasafn Íslands.
- Árið 2006 opnun sýningarinnar: “Á vígstöðvum kalda stríðsins, áhrif kalda stríðsins á bæjarlífið og byggðapróun”.
- Árið 2007 opnun sýningar um íþróttir og félagastarf

### c) þátttaka almennings

- 2004-2005 fræðslufundir til að efla þátttöku almennings
- 2004-2005 komið á greiningu ljósmynda á nokkrum stöðum.
- Vor 2006 hluti af gagnasafni verði aðgengilegt á netinu og stofnun netaðgengisklúbbs safnsins.

## III fræðslustefna

Lögð er áhersla á að taka vel á móti öllum skólanemendum sem óska almennrar leiðsagnar um safnið eða annarrar aðstoðar vegna skólavinnu.

Lögð er áhersla á að sinna sérþörfum hvers aldurshóps og annarra hópa, þó háð fjárhagslegri og faglegri getu starfseminnar.

**a) leikskólabörn**

Áhersla er lögð á að tengja starfsemi Stekkjarkots við þennan aldur, þar sem “þorranum” er sinnt sérstaklega og vorverkum.

Árið 2005 útbúin farandsýning um mataræði til forna (“þorramat”) sem leikskólar geti pantað.

**b) barnaskólinn**

Leitast verður við að bjóða upp á verkefni á sýningum safnsins eftir því sem henta þykir miðað við sýningarefni hverju sinni.

2004-2005 boðið upp á verkefni á afmælisýningu safnsins

**c) miðskólinn**

Leitast verður við að bjóða upp á verkefni á sýningum safnsins eftir því sem henta þykir miðað við sýningarefni hverju sinni.

2004-2005 boðið upp á verkefni á afmælisýningu safnsins

**d) unglingskólinn**

Leitast verður við að bjóða upp á verkefni á sýningum safnsins eftir því sem henta þykir miðað við sýningarefni hverju sinni.

**e) framhaldsskólinn**

Leitast verður við að bjóða upp á verkefni á sýningum safnsins eftir því sem henta þykir miðað við sýningarefni hverju sinni. Einnig er lögð áhersla að koma til móts við þennan hóp er varðar vinnu á skólaverkefnum eins og hægt er.

**f) aðrir hópar**

Leitast verður við að sinna sérþörfum, s.s. fatlaðra eins og kostur er.

